



Reykjavík, 24. febrúar 2017

Niðurstaða athugunar á eftirliti með peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka hjá Borgun hf.

Fjármálaeftirlitið hóf athugun á aðgerðum gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka hjá Borgun hf. með bréfi dagsettu hinn 27. maí 2016. Athugunin beindist að framfylgni Borgunar hf. við lög nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka vegna færsluhirðingar félagsins erlendis, sbr. einnig leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins nr. 5/2014 um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Markmið athugunarinnar var að kanna hvort verklag félagsins í tengslum við könnun á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn, reglubundið eftirlit, tilkynningarskyldu og innra eftirlit væri í samræmi við II., III. og V. kafla laganna.

Niðurstaða athugunarinnar lá fyrir í febrúar 2017 og er byggð á gögnum og upplýsingum miðað við stöðuna eins og hún var á þeim tíma sem athugunin hófst.

Tekið var úrtak 16 viðskiptamanna á alþjóðasviði Borgunar hf., en sviðið sinnir færsluhirðingu fyrir viðskiptamenn sem eru í starfsemi erlendis.

Fjármálaeftirlitið gerði athugasemdir við að Borgun hf. hefði, í tilviki 13 viðskiptamanna af 16, ekki framkvæmt könnun á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamennina með fullnægjandi hætti áður en samningssambandi var komið á, skv. 5. gr. laganna. Meðan á athugun Fjármálaeftirlitsins stóð sleit Borgun hf. viðskiptasambandi við þrjá þessara viðskiptamanna.

Með vísan til 9. gr. laga nr. 64/2006, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, krafðist Fjármálaeftirlitið þess að Borgun hf. bindi án tafar enda á viðskiptasamband við þá 10 viðskiptamenn, sem Borgun hf. væri enn í viðskiptasambandi við, enda hefðu verið verulegir annmarkar á könnun Borgunar hf. á áreiðanleika upplýsinga um þá.

Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við að, í tilviki 5 viðskiptavina af 16, hefði Borgun hf. ekki greitt fyrstu greiðslu á grundvelli samnings um færsluhirðingu inn á reikning viðskiptamannsins, skv. 10. gr. laganna. Í öllum tilvikum var um að ræða viðskiptamenn sem eru eingöngu í starfsemi erlendis og voru ekki á staðnum til að sanna deili á sér við upphaf viðskipta. Þá voru ekki fyrirliggjandi samningar um að Borgun hf. hefði útvistað framkvæmd áreiðanleikakannanna til þriðja aðila sem staddur væri á sama stað og viðskiptamaðurinn og þannig tryggt að viðskiptamaðurinn teldist vera á staðnum til að sanna á sér deili við framkvæmd áreiðanleikakönnunar.



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Fjármálaeftirlitið gerði einnig eftirfarandi athugasemdir varðandi framfylgni Borgunar hf. við lög um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka:

- að Borgun hf. sinni almennt ekki með fullnægjandi hætti reglubundnu eftirliti með samningssambandi við viðskiptamenn vegna færsluhirðingar félagsins fyrir þá erlendis, skv. 6. gr. laganna.
- að Borgun hf. hafi ekki gripið til ráðstafana til að sinna með fullnægjandi hætti rannsóknarskyldu sinni og mögulegri tilkynningarskyldu vegna viðskipta sem grunur leikur á að rekja megi til peningabættis og fjármögnunar hryðjuverka vegna færsluhirðingar félagsins erlendis, skv. 17. gr. laganna.
- að Borgun hf. hafi ekki séð til þess að starfsmenn hafi fengið fullnægjandi þjálfun í aðgerðum gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka vegna færsluhirðingar félagsins erlendis, skv. 2. mgr. 23. gr. laganna.
- að Borgun hf. búi ekki yfir kerfi sem gerir félaginu kleift að bregðast skjótt við fyrirspurnum frá lögreglu og öðru lögbærum yfirvöldum, þ.m.t. Fjármálaeftirlitsins, skv. 4. mgr. 23. gr. laganna.

Þá gerði Fjármálaeftirlitið athugasemdir við að innri reglur Borgunar hf. um aðgerðir gegn peningabætti séu ekki að fullu í samræmi við lög nr. 64/2006.

Það var niðurstaða Fjármálaeftirlitsins að framkvæmd, verklag og eftirlit Borgunar hf. í tengslum við aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka vegna færsluhirðingar félagsins erlendis uppfyllti ekki með viðunandi hætti þær megin kröfur sem gerðar eru í lögum nr. 64/2006, sbr. einnig leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins nr. 5/2014 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

Auk þeirrar úrbótakröfu sem getið var um hér að framan þá gerði Fjármálaeftirlitið kröfu um að Borgun hf. færi yfir framkvæmd áreiðanleikakannanna vegna annarra viðskiptamanna á alþjóðasviði, en þeirra sem voru í úrtakinu, og gæti Borgun hf. ekki fullnægt skilyrðum 1. og 2. mgr. 5. gr. laga nr. 64/2006 skyldi félagið án tafar binda enda á viðskiptasamband við þá viðskiptamenn. Varðandi aðrar athugasemdir Fjármálaeftirlitsins um framfylgni Borgunar hf. við lög um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka krafðist Fjármálaeftirlitið viðeigandi úrbóta og að félagið skilaði aðgerðaráætlun til Fjármálaeftirlitsins þar sem sýnt væri hvernig það hygðist bregðast við athugasemdum og úrbótakröfum og hvernig tryggt yrði að aðgerðir fyrirtækisins gegn peningabætti samræmdust lögum nr. 64/2006, leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins nr. 5/2014 og innri reglum félagsins. Fjármálaeftirlitið veitti Borgun hf. tvo mánuði, frá dagsetningu lokaskýrslu, til að ljúka framangreindum úrbótum.